



Fyrirmynd að samningi milli sveitarfélaga og Fjölís um afnot af höfundarvernduðu efni í stjórnsýslu

24. janúar 2017

1511244SA TP/VRH

Málalykill: 01.80

Á fundi sínum þann 19. september 2003, samþykkti stjórn Sambands Íslenskra sveitarfélaga yfirlýsingu um afnot af höfundarvernduðu efni í stjórnsýslu sveitarfélaga. Yfirlýsingunni fylgdi samningsfyrirmynd, með einkennum rammisamnings, sem unnin hafði verið í samvinnu milli sambandsins og Fjölís – hagsmunafélags samtaka sem koma fram fyrir hönd rétthafa að verkum sem njóta höfundaréttarverndar.

Í yfirlýsingunni mælti sambandið með því að sveitarfélög gengju til samninga við Fjölís, þar sem texti samningsfyrirmyndarinnar yrði notaður óbreyttur.

Á undanförunum misserum hefur verið unnið að endurskoðun samningsfyrirmyndarinnar. Meðal atriða sem kallað hafa á endurskoðun eru:

- Gerð miðlægs samnings um afnot af höfundarvernduðu efni í skólastarfi sem gengið var frá í október 2016. Nýr samningur tekur til allra skólastiga og leiðir til þess að greiðslur vegna afnota í leikskólum, tónlistarskólum og framhaldsfræðslu færast undan gildissviði samningsfyrirmyndar um afnot af efni í stjórnsýslu sveitarfélaga.
- Gildandi samningsfyrirmynd tekur fyrst og fremst til ljósritunar. Þróun rafrænna miðla hefur verið hröð frá því samningsfyrirmyndin var gerð árið 2003 og mikilvægt að hún væri útvíkkuð og ná til miðlunar eintaka af stafrænu efni.
- Stjórnsýsla sveitarfélaga sinnir sífellt fleiri verkefnum þar sem reynir á aðgengi að þekkingu, m.a. niðurstöðu rannsókna og margvíslegra úttekta. Hliðstæð þróun hefur átt sér stað á Norðurlöndum þar sem fram hefur komið aukning í afnotum af höfundaréttarvörðu efni innan stjórnsýslu.
- Samtök sveitarfélaga í Noregi (KS) hafa þannig gefið út samningsfyrirmynd (mønsteravtale) sem gildir fyrir árin 2015-2017. Endurgjald samkvæmt fyrirmyndinni vegna 2015 er 145 milj. NOK samanborið við 129 milj. NOK vegna 2012 (þ.e. 12% hækkun milli tímabila). Endurgjald fyrir ársverk í stjórnsýslu norskra sveitarfélaga (að skólastarfi undanskildu) reiknaðist 58,30 NOK árið 2015 (samsvarar um 800 ISK á gengi dagsins).

Þess skal getið að samhliða gerð miðlægs samnings um afnot af höfundarvernduðu efni í skólastarfi var gengið frá því að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga stæði undir hlutdeild sveitarfélaga í þeim samningi með sérstöku árlegu framlagi.

Kannað var hvort jöfnunarsjóður væri reiðubúinn til þess að veita sambærilegt framlag vegna samnings um afnot af efni í stjórnsýslu sveitarfélaga að undanskildu skólastarfi. Niðurstaðan var að slíkt félli ekki að ráðstöfunarheimildum í reglugerð um sjóðinn.

Endurskoðuð samningsfyrirmynd (2017)

Helstu efnisatriði og breytingar frá fyrirmyndinni 2003 eru sem hér segir:

- Fræðslustofnanir eru undanskildar gildissviði samnings (2. gr.)
- Heimiluð er miðlun eintaka af stafrænu efni í gegnum vefi sveitarfélaga auk þess sem samningurinn tekur einnig til dreifingar á efni með tölvupósti (2. gr.)
- Aðgangstakmörkun er sett vegna efnis í rafrænum gagnagrunnum (4. gr.)
- Miðað er við fjölda starfsmanna sveitarfélaga samkvæmt upplýsingum sambandsins og þeir dregnir frá sem eru í Kennarasambandi Íslands (7. gr.)
- Greidd er föst árleg upphæð - 590 kr. - pr. starfsmann (2017) sem talin er ígildi tæplega 100 bls. af texta (9. gr.)
- Greiðslan er óháð því hvort afritun er gerð fyrir starfsmenn sjálfa eða viðskiptavinum sveitarfélags
- Gert er ráð fyrir að samningur sé gerður af hálfu allra sveitarfélaga óháð stærð, en þó þannig að innheimt gjald sé að lágmarki 3.000 kr.
- Gjald sveitarfélaga er tengt verðlagsþróun í gegnum vísitölu neysliverðs (9. gr.)
- Samningurinn gildir frá og með árinu 2017 (8. gr.)
- Ekki er gert ráð fyrir því að á gildistíma samningsfyrirmyndarinnar fram fari könnun á notkun innan stjórnsýslu sveitarfélaga

Mat á áhrifum

Alls voru 20.818,4 stöðugildi hjá sveitarfélögunum árið 2016 og þegar búið er að draga þá einstaklinga frá sem eru í KÍ frá þá eru stöðugildin 13.600. Ef öll sveitarfélögin nýta sé þá samningsfyrirmynd sem hér liggur fyrir þá mun heildarkostnaður sveitarfélaga vera rúmlega 8 m.kr.

Reykjavíkurborg hefur hins vegar samið sérstaklega við Fjölís og ef horft er á heildarkostnað sveitarfélaga án Reykjavíkurborgar þá er hann um 4,8 m.kr. Ef notast yrði við fyrri samningsfyrirmynd þá væri sú upphæð sú sama án Reykjavíkurborgar.

Þessi nýja samningsfyrirmynd er því töluvert hagstæðari en sú sem fyrir var, en verið er að opna á meiri afnot í gegnum fleiri miðla og búið að taka út heildar fjölda blaðsíðna á starfsmann.

Tillaga:

Lagt er til að stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga mæli með því við sveitarfélög að þau gangi til samninga við Fjölís þar sem texti samningsfyrirmyndarinnar (2017) verði notaður óbreyttur.